

Veiðimálastofnunin,
Jón Kristjánsson,
október 1979.

Höfðavatn í Skagafirði og nýting
þess eftir opnun í sjó.

Forsaga: Höfðavatn stendur við sjó, og vatnsborð þess nú er rétt yfir stórstraumsflóði. Vatnið hefur myndast við að sjávargangur hefur fyllt upp möl milli Þórðarhöfða og lands á tveim stöðum. Vegna legu vatnsins hefur ágangur sjávar haft mikil áhrif á vatnið og lífriki þess, með því ýmist að opna rás til sjávar eða loka henni aftur. Opnunin hefur í för með sér að vatnið verður meira og minna salt sem sjór, og eftir lokun líða nokkur ár uns vatnið verður aftur ferskt. Veiðibændur tóku eftir því að ef vatnið var lokað í langan tíma varð silungur (bleikja) bragðvondur og horaður, en fitnaði og stækkaði þá er vatnið opnaðist til sjávar. Þetta hefur orðið til þess að eftir að vatnið hefur verið lokað um skeið, kemur upp áhugi hjá bændum um að opna, til þess að bæta silunginn í vatninu.

Áhrif opnunar og lokunar á lífriki vatnsins.

Samvkæmt reynslu veiðibænda ætla ég að atburðarrás við lokun/ opnun sé þessi: Þegar vatnið lokast, hefst saga þess sem fersks stöðuvatns. Selta minnkars og smám saman verða til viðunandi hrygningarskilyrði fyrir bleikjuna (hrognin þola ekki meira en ca 3% seltu) sem fara batnandi með ári hverju. Þar sem veiðiálag á hinn uppvaxandi bleikjustofn er langtum minna en svarar til fjölgunarinnar verður vatnið ofsetið á tiltölulega fáum árum og fiskurinn verður smár og horaður. Við það að vatnið opnast, skeður tvennt, fiskurinn fær leið í sjó, þar sem hann hefur næga fæðu, og fæða, marfló og þvíumlikt streymir inn í vatnið og sá fiskur er heldur kyrru fyrir inni í "vatninu" nýtur góðs af. Hrygningarskilyrði stórminnka eftir verða aðeins ár og lækir, og við það minnkars innstreymi smáfisks í fiskstofninn og fiski fer að fækka. Við það eykst fæðumagnið enn, hlutfallslega, og vöxtur fiskanna eykst griðarlega og jafnframt veiðin að sama skapi, því veitt mun hafa verið í stórríðin net (40-50mm) sem veiddu smáfiskinn illa áður. Smám saman dregur svo úr veiði eftir því sem

fiski fækkar (nýliðun er sáralítill). Vatnið lokast aftur, og ný "hringrás" er hafin. Í stórum dráttum virðist mér að þetta fari þannig fram.

Nýjar áætlanir um opnun.

Vatnið lokaðist í kringum 1940 og hélst svo til 1963 að það var opnað af manna völdum. Síðan var það opið þar til um 1969, að það lokaðist í brimi, og hefur það verið lokað síðan. Rannsóknir voru gerðar í vatninu 1972 á vegum Veiðimálastofnunarinnar og athuganir hafa verið gerðar öðru hvoru síðan (sjá skýrslu frá 1972. Jón Kristjánsson: Rannsóknir á Höfðavatni 1972). 1972 var um 80000 sumaröldum bleikjuseiðum frá Laxalóni sleppt í Höfðavatn. Það sumar og sumarið eftir var mjög lítið af fiski í vatninu, allt mjög stór og feit bleikja. Um 70 bleikjur 15-20 cm langar voru merktar 3 júlí 1973, og hafa nokkrar þeirra veiðst aftur. Sem dæmi um vöxtinn er að einn fiskur var orðinn 40 cm rúmu ári síðar. 1974 og 1975 er mjög góð veiði af stórum fiski (ca 5 tonn 1974). 1976 veiðast 1,1 tonn, fiskur er smækkandi, 1977 veiðast aðeins um 200 kg. skv. skýrslum og síðustu tvö ár hefur veiði verið léleg. Fiskur smár og horaður og stórar torfur af smáfiski sjást synda um. Vatnið er sem sagt ofsetið í dag.

Allt frá 1972 hafa verið uppi raddir um að opna vatnið í sjó en ég hef lagst gegn því, af ástæðum sem nánar er skýrt frá í samantekt frá vorinu 1979 sem fylgir hér með í ljósriti, og er þar einnig greint frá framtíðarmöguleikum á nýtingu vatnsins. Síðan það plagg sá dagsins ljós hafa komið fram hugmyndir um skurð frá Höfðavatni í Bæjarvík og virðist sú uppástunga mjög álitleg. Mér þykir rétt að gera nánari grein fyrir ýmsum líffræðilegum staðreyndum sem réttlæta tengingu vatnsins við sjó.

Skurðurinn gefur sjóbleikju möguleika að sinna köllun sinni, þ.e. ganga milli vatns og sjávar eftir reglubundnu munstri. Helstu atriðin í lífsferli sjóbleikju eru þessi: Hrogn hennar klekjast í fersku vatni, oftast rennandi að því er virðist, en hér skortir meiri vitneskju. Seiðin alast í ferskvatni uns þau ná 18-22 cm lengd. Getur það tekið 2-7 ár eftir aðstæðum. Þau verða gönguseiði að vori (mai-júní) og ganga til sjávar. Þau halda sig innfjarða þar til haustar að þau ganga aftur upp í það vatn sem þau komu úr, þá eru þau orðin ca 27 cm (200 g) og ókynþroska. Þau ganga upp í ferka vatnið til þess að hafa þar veturnsetu. Að

vori fer bleikjan síðan aftur í sjó, gengur inn um haustið og er þá orðin 400-500 gr. og kynþroska (sumar a.m.k.). Sjóbleikjurnar hrygna að hausti til, fara út að vori, lengjast um 6-7 cm og fara inn aftur o.s.frv.

Þannig er í slíku kerfi ganga í sjó að vori (apríl-júlí) fiskar af ýmsum stærðum og þroskaskeiðum, og ganga úr sjó frá miðju sumri fram á haust (júlí-sept). Yfirleitt er því háttað þannig að þegar síðustu bleikjurnar eru að yfirgefa ferskvatnið eru þær sem fyrst fóru af stað, að koma aftur upp úr sjónum.

Hugmyndin er svo að veiða bleikjuna í gildru þegar hún gengur um skurðinn, og slátra fiski af þeirri stærð sem nýtanleg er í því magni sem rétt þykir. Tvennt er það sem aðallega gæti sett strik í reikninginn:

1. Bleikjan í vatninu gengi ekki í sjó.
2. Bleikja sem færi í sjó, "villtist" þ.e. kæmi ekki í vatnið aftur.

Hér er það fyrst og fremst fyrra atriðið sem er óþekkt og verður reynslan að sýna hvernig fer. Samkvæmt rannsóknunum í Noregi virðist ekki þurfa að hafa verulegar áhyggur að bleikjan rati ekki heim aftur, en merkingar ættu að geta skorið úr um það ef kerfið fer í gang. Auk sjóbleikju verður einnig möguleiki að vinna með sjóurriða og lax, en hér er látið vera að spá um arðsemi þess. Þar verða tilraunir og reynsla að skera úr um.

Ég vona að þetta yfirlit skýri tilgang framkvæmda við Höfðavatn og réttlæti þeirra. Veiðimálastofnunin mun veita nauðsynlega faglega aðstoð við að fylgjast með fiskigöngum og skipuleggja nýtingu þegar fiskvegurinn kemst í gagnið.